

REGLUR

um námsmat fyrir sálfræðideild hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri.

1. gr.

Einkunnir í grunnnámi sálfræðideildar.

Lokaeinkunnir í námskeiðum á BA-stigi í sálfræðideild skulu einungis birtar á stöðluðu formi í heilum og hálfum tölum.

Einungis lokaeinkunnir í námskeiðum skulu staðlaðar. Um einkunnir fyrir verkefni, hlutapróf og annað sem ekki telst lokaeinkunn í námskeiði gilda almennar námsmatsreglur Háskólans á Akureyri.

2. gr.

Útreikningur stöðlunar á lokaeinkunnum.

Útreikningur stöðlunarinnar skal fara fram eftir verklagsreglum sem samþykktar eru af sálfræðideild. Verklagsreglurnar skulu birtar á innri vef háskólans.

3. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar á grundvelli heimildar í 3. mgr. 1. gr. námsmatsreglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 921/2018, sbr. einnig 3. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 21. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008.

Reglur þessar öðlast gildi við samþykki háskólaráðs.

Háskólanum á Akureyri, 24. mars 2021.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2021